Þriðjudaginn 5. ágúst 1997.

Nr. 307/1997. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurþóri Arnarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. júlí 1997, sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. júlí 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 12. september 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. júlí 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 17. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Sigurþóri Arnarssyni, kt. 170871-5299, með lögheimili að Dvergabakka 12, Reykjavík, en dvalarstað að Hraunbæ 58, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins á hendur honum, þó ekki lengur en til föstudagsins 12. september 1997 kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 9. júní var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði er grunaður um að hafa valdið dauða Sigurðar Sigurmundssonar með fólskulegri líkamsárás á skemmtistaðnum Vegas aðfaranótt þriðjudagsins 13. maí sl. Átök urðu á veitingastaðnum þessa nótt milli kærða og félaga hans annars vegar og Sigurðar heitins og félaga hans hins vegar. Í átökunum féll Sigurður í gólfið meðvitundarlaus, og andaðist hann 15. maí sl., án þess að hann kæmist til meðvitundar að nýju.

Kærði hefur neitað sakargiftum, en vitni hafa borið, að kærði hafi sparkað í höfuð Sigurðar, og önnur vitni hafa borið, að Sverrir Þór Einarsson, sem einnig er grunaður um að hafa valdið dauða Sigurðar, hafi slegið Sigurð í höfuðið. Enn eitt vitnið kveðst hafa séð mann berja höfði Sigurðar í hillu, en hefur borið, að það muni ekki, hver það var. Kærði og Sverrir hafa borið hvor annan sökum. Nokkur vitni voru að átökunum á skemmtistaðnum, en þau sáu ekki aðdraganda þess, að Sigurður féll í gólfið.

Meðal rannsóknargagna er krufningarskýrsla, dagsett 16. júní sl., en krufning fór fram 15. maí sl. Í ályktunarkafla skýrslunnar segir, að krufningin hafi leitt í ljós, að banamein Sigurðar Sigurmundssonar heitins hafi verið blæðing undir mjúku heilahimnuna (heilaskúmsblæðing). Hinn látni hafi verið með mar á hársverði í hnakka og blóðgúl undir höfuðleðri. Síðan segir: „Má ályktа, að áverki þessi hafi getað stafað af ákomu (t. d. sparki, höggi eða við fall), sem hafi valdið hnykk á heila með rofi í slagæð og blæðingu. Ýtarleg taugameinafræðileg rannsókn Hannesar Blöndal prófessors sýndi ekki sjúkleika sem undirrót blæðingarinnar.“ Með hliðsjón af þessari niðurstöðu og röksemdum þeim, sem færðar eru fyrir henni í skýrslunni, verður að telja fullljóst, að Sigurður Sigurmundsson lést af áverkum þeim, er hann hlaut á skemmtistaðnum Vegas 13. maí sl.

Rannsóknargögn veita sterkan grun um, að kærði hafi gerst sekur um stórfellda líkamsárás, og hnekkir það ekki því mati, þótt einhver óvissa sé um, hvern hlut kærði átti í framangreindum átökum. Að þessu virtu og með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að fallast á kröfu ríkissaksóknara, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurþór Arnarsson, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli ákæruvaldsins á hendur honum, en þó eigi lengur en til föstudagsins 12. september 1997 kl. 16.00.